

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 29. september 2022
Mnr. 2022040056



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Viðauki 18

Verðbólga

Í fjárhagsáætlun 2022 var áætluð verðbólga um 3%. Staðan er hins vegar sú að í lok október mun verðbólgan vera 8,3% m.v. hækkun á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Það hefur þó heldur dregið úr hækkunum síðustu 2 mánuði og má því vænta að næstu 2 mánuðir verði í svipuðum takti og gerum við því ráð fyrir 0,2% hækkun fram að áramótum, eða í heildina að verðbólga verði um 8,5% í árslok.

Hækkun verðbótagjalda á árinu 2022 er samanlagt 241 m.kr. Verðbótagjöld í samþykkttri áætlun 2022 voru 113 m.kr. og hækka upp í 354 m.kr. í uppreiknaðri áætlun. Hækkunin skiptist niður á eftirfarandi sjóði

- Aðalsjóður, 27.753.841,-
- Eignasjóður, 109.400.453,-
- Hafnarsjóður, 25.191.096,-
- Eyri, 21.981.480,-
- Fasteignir Ísafjarðarbæjar, 57.057.706,-

Sala íbúða Fasteigna Ísafjarðarbæjar

Í fjárhagsáætlun 2022 var áætlað að selja 16 íbúðir, 12 á Ísafirði, 1 á Flateyri og 3 á Suðureyri. Á fyrstu 9 mánuðum ársins hafa 4 íbúðir selst, 3 á Ísafirði og 1 á Suðureyri. Áætlað er að selja 4 íbúðir í viðbót fyrir árslok, eða samanlagt 8 á árinu. Áætlað söluverð þessara íbúða er 186 m.kr. Söluhagnaður er áætlaður 145 m.kr en söluhagnaður var áður áætlaður 209,4 m.kr. og er því lækkun á söluhagnaði um 64 m.kr. Uppgreiðsla á lánum nemur 94 m.kr. en það láðist að áætla fyrir uppgreiðslu lána í fjárhagsáætlun 2022 og því kemur þetta sem viðbót inn.

Þar sem færri íbúðir eru seldar en var áætlað, má gera ráð fyrir að húsaleigutekjur og annar tilfallandi kostnaður, verði aukning á tekjum um 10,6 m.kr og lækkun á kostnaði um 801 þ.kr.

Samanlagt lækka tekjur Fastís um 53,7 m.kr. og kostnaður lækkar um 801 þ.kr. við þessa breytingu.

Framkvæmdir og lántaka

Lagt er til að framkvæmdaáætlun 2022 verði skorin niður um 200 m.kr. vegna framkvæmda sem ýmist er hægt að fresta á næsta ár eða ekki hægt að komast í. Sjá fylgiskjal.

Með því getum við lækkað áætlaða lántöku á árinu um 170 m.kr. en á árinu 2022 var áætluð lántaka 400 m.kr. Nú þegar er búið að taka lán af Hafnarsjóði fyrir 200 m.kr. og hjá

Ofanflóðasjóði fyrir 30 m.kr. upp í útlagðan kostnað. Lagt er til að ekki komi til frekari lántöku.

Endurmat tekna

Vegna gífurlegrar hækkunar á verðbólgu var rýnt í áætlaðar tekjur fjárhagsáætlunar og þær auknar um 163,5 m.kr. út frá þegar innheimtum tekjum. Þær eru eftirfarandi

- Skatttekjur, áætlað útsvar hækkað um 136 m.kr. en launavísitalan hefur hækkað meira en var áætlað sem hefur skilað sér í auknum útsvarstekjum.
- Söluhagnaður aðalsjóðs vegna hlutaeign með rikissjóði var ekki áætluð og nam 12 m.kr
- Endurgreiðslur sveitarfélaga í fræðslumálum hafa reynst hærri en gert var ráð fyrir og áætlun því hækkuð um 10 m.kr.
- Sala tjaldsvæðisin á Þingeyri reyndist meiri en var áætlað og er því hækkuð um 2,6 m.kr
- Nýr leigusamningur var gerður vegna eigna í neðstakaupstað og leigutekjur því auknar um 2,5 m.kr.

Niðurstaða

Áhrif viðaukans er neikvæð um 130,8 m.kr. og er því mætt með lækkun á handbæru fé.

Til viðbótar var gripið til nokkurra aðgerða til að lækka fjármagnskosntað m.a. með því að lækka lántöku ársins um 170 m.kr. og var því fjárfestingaáætlun einnig lækkuð um 200 m.kr. Lækkun á seldum eignum Fastís hefur líka þau áhrif á efnahagsreikning að seldir varanlegir rekstrarfjármunir lækka 45,4 m.kr. og uppgreiðsla á lánum eykst um 94 m.kr. Hækkun verðbóta hækkar síðan langtímaskuldir um 277 m.kr. Áhrif þessa eru að handbært fé hækkar um 168 m.kr. og er því handbært fé að hækka nettó um 37 m.kr. að teknu tillit til aukningar á rekstrarhalla um 130,8 m.kr.